

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



Dags eftirlits	21.7.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Sameinað Sílikon hf	Eftirlitsmaður	Gunnar Alexander Ólafsson
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	6602141190	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Kristleifur Andrésón	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í eftirlit vegna óhapps sem varð í verksmiðjunni þann 17.júlí. Engin frávik eru skráð en tvær athugasemdir eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Óhapp varð í verksmiðjunni þann 17.júlí sl. er deiglu yfirfylltust eftir að skipta var um töppunarholu. Heitur málmur lak þá yfir töppunarpall og niður á gólf verksmiðjunnar. Pallurinn sjálfur og búnaður á honum urðu fyrir skemmdum auk þess sem málmurinn olli skemmdu á gólfi og teinum þar fyrir deilgur. Mikill reykur myndaðist vegna þessa og var slökkvilið kallað til. Að sögn rekstraraðila var þrýstingur of mikill vegna rafskauta er skipt var um töppunarholu.

Slökkt var á ofninum er eftirlitsmenn mættu á svæðið en margar ábendingar höfðu borist vegna óhappsins og vegna lyktarmengunar dagana á eftir. Ekki er ljóst hve langan tíma það tekur að laga búnað og keyra ofninn aftur upp.

Farið var í ofnhús og eftir það á neðri lóð verksmiðjunnar. Mikið magn er nú geymt þar af kísilyrki í stórsekkjum og nokkuð magn af málmúrgangi var á svæðinu en í fyrri eftirlitum hefur verið minnst á frágang lóðarinnar.

ATHUGASEMDIR

Þjálfun og verklag starfsmanna: Verklag fyrir töppun virðist ábótavant, kynna þarf vel fyrir starfsfólki alla ferla er við kemur starfsemi fyrirtækisins.

Umhverfisstofnin minnir á að varanleg geymsla á úrgangi og aukakafurðum er ekki heimil s.s. kísilyrks sem þó er ekki skilreint sem spilliefni. Stofnunin óskar eftir áætlun um ráðstöfun stórsekkjana á lóð fyrirtækisins

ANNAÐ

Umhverfisstofnun barst ferill fyrir töppun en samkvæmt rekstraraðila fer innleiðing, kennsla og þjálfun þannig fram að starfsmenn fá þjálfara sem þeir fylgja eftir í störfum þeirra ásamt því að lesa vinnulýsingar. Síðan vinna starfsmenn verkin undir leiðsögn þjálfara þar til þeir hafa öðlast næga færni til að vinna sjálfstætt. Starfsmenn kvitta fyrir lestri og þjálfun. Samkvæmt rekstraraðila var það því ekki vegna skorts á þjálfun og verklagi starfsmanna að deiglu yfirfylltust þann 17.júlí.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.09.2017


Einar Halldórsson